reynt að verja málstað þeirra) eru orðnir að dufti í gröfum sínum, þá mun nafn Kjarvals lýsa til heiðurs Íslandi.“ Þannig var vinátta og ást þeirra, löngu eftir aðskilnað,“ sagði Eva.

DVERGHAMRAR

„Margir standa í þeirri trú, að Dverghamrar Kjarvals séu fantasía, en svo er alls ekki. Fyrirmyndin að verkinu eru stuðlabergsmyndanir á Síðu í V-Skaftafellssýslu. Kjarval málaði myndina 1929. Það er viss súrrealismi yfir verkinu, nánast pointismi. Ég hef hér mynd sem tekin var á Síðu síðastliðið sumar og það er fróðlegt að sjá, hvernig Kjarval hefur skynjað náttúruna,“ sagði Eva.

ANDAR ÖRÆFANNA

„Andar öræfanna er enn eitt verkið eftir Kjarval. Faðir minn gekk milli efnamanna í Reykjavík árið 1930 og bauð myndina til kaups fyrir hönd Kjarvals fyrir 70 krónur. Enginn taldi sig hafa efni á að kaupa myndina. Ástæðan var trúlega sú, að þeir skildu ekki list, höfðu ekki gaman af myndinni. Svo fór að lokum, að faðir minn keypti myndina af Kjarval, þar sem hann hafði vart til hnífs og skeiðar.

Margt ungt fólk hefur komið að orði við mig og sagt hve foreldrar mínir hafi verið framsýnir að fjárfesta í málverkum. Nú fjárfestir fólk í málverkum. En á þessum árum var þetta sjónarmið hreinlega ekki til. Faðir minn lifði og hrærðist í listum, einkum málaralistinni. Hann var í þessu af ástríðu, ofurást á myndlist. Hann fór erlendis aðeins viku eftir að hann fermdist til mennta. Til að stunda nám í garðyrkju. Listfræðingur furðaði sig fyrir skömmu á því og taldi það undarlegt, að garðyrkjumaður, járnsmiður og smjörlíkisframleiðandi, það er að segja faðir minn, Markús Ívarsson og Ragnar í Smára, skuli hafa safnað um sig jafn mörgum listaverkum og raun ber vitni og þannig hreinlega bjargað gífurlegum verðmætum. En þá var langskólanám aðeins fyrir fáa útvalda og allt er tímanum háð. Sjálfsagt hefðu þessir menn numið listasögu og orðið listfræðingar hefðu aðstæður leyft. Nú á tímum þykir það sjálfsagt, og er, að menn skuli geta stundað það ævistarf, sem hugur stefnir til.“ sagði Eva.

LANDPÓSTUR

„Þessi mynd Höskuldar Björnssonar var gerð um 1950. Faðir minn sagði einhverju sinni, að Póst og símamálastjórnin ætti að nota þessa mynd á frímerki. Hún er ákaflega falleg í litum og sterk í línum, vel gerð. Höskuldur var okkar fremsti fuglamálari. Það kom þó flatt upp á mig, að margir, einkum yngra fólk, þekkja ekkert til hans. Nú eru 18 ára síðan hann dó, en hann dvaldi langdvölum heima og var alla tíð heilsuveill,“ sagði Eva.



Landpóstur.

Íslenzkur bás á heimilisiðnaðarsýningu í Thailandi

Dagana 6.—20. febrúar var haldin mikil alþjóðleg heimilisiðnaðarsýning í Bangkok, höfuðborg Thailands. Margt fyrirmanna var þar samankomið og þótti sýningin hin merkasta. Ísland átti sýningarbás og hafði Jörgen A. Hade, aðalræðismaður Íslands í Thailandi og kona hans veg og vanda af hlut Íslands á sýningunni. Þá lagði Nina Johns, íslenzk kona búsett í Thailandi, muni til sýningarbáss Íslands.



Frá íslenzka sýningarbásnum á sýningunni í Bangkok.

Frá rottum til Kínverja

Úr Vestfirzka fréttablaðinu á Ísafirði:

Einar Otti, dýralæknir, rakst inn til okkar um daginn og hafði meðferðis auglýsingu um eyðingu villikatta í kaupstaðnum. Við spurðum hann hvernig gengi að eyða. „Þetta er kannske misskilningur,“ sagði Einar Otti. „Ef öllum villiköttum verður eytt hér á svæðinu, þá gerist ekki annað en það að það verður rottufaraldur hérna í vor, þegar snjóa tekur að leysa.“

Ef til vill mætti leysa málið með því að hafa villikettina til þess að éta rottur, grimma hunda á kettina, fá kínverja á hundana (sbr. kvikmyndina Mondo Kane) og sprengja kínverja á gamlárskvöld!!!

HELGARVIÐTALIÐ

Í janúar síðastliðnum gaf Mál og menning út bókina „Íslenzkar barnabækur, 1780—1979“ eftir Silju Aðalsteinsdóttur. Í bókinni fjallar Silja um íslenzkar barnabækur í 200 ár. Hún fer ótroðnar slóðir, því úttekt hefur ekki áður verið gerð á íslenzkum barnabókum og margar frumrannsóknir koma fram í verki Silju, sem er velþekkt fyrir rannsóknir sínar og áhuga á íslenzkum barnabókum. Blaðamaður ræddi við hana í vikunni.

Þú setur upphaf íslenzkra barnabóka við ártalið 1780. Af hverju?

Já, einhvers staðar verður upphafið að vera og satt bezt að segja, þá ákvað ég að þarna skyldi það verða. Þá vegna þess, að fyrsta barnabókin kom þá út, árið 1780. Hún var eftir Vigfús Jónsson, prest á Stöð í Stöðvarfirði. Hann orti ljóð til dóttur sinnar



Silja Aðalsteinsdóttir

Ég hef lesið þær allar

um miðja 18. öld og það var gefið út 30 árum síðar, 1780, þegar Vigfús var látinn. Ljóðið er ort undir fornyrðislagi. Er heilræðavísur og ákaflega skemmtilegt, minnir nokkuð á Hávamál.

En sem sagt, ég geng fram veginn frá Vigfúsi. Raunar eru höfundar ekki margir á 18. og 19. öld. Á 19. öld er fyrstan að telja Jóhann Halldórsson, var að Bessastöðum og síðar í Kaupmannahöfn. Hann var siðavandur og bókmenntir hans voru í siðavöndunartón. Jónas Hallgrímsson samdi ævintýri og orti margar perlur. Þá er að nefna Torfhildi Hólm. Hún bjó um skeið í Vesturheimi og var um margt merkileg kona. Hún var fyrsti Íslendingurinn, sem gat framfleytt sér af ritstörfum sínum og fékk einnig styrk frá hinu opinbera.

Höfundar á þessu tímabili, voru ekki margir. En ég tók einnig þýðingar frá þessu tímabili. Magnús Stephensen gaf út bókina „Sumargjöf handa börnum“ árið 1795. Það var fyrsta barnabókin, sem kom út í óbundnu máli. Er ákaflega siðleg, uppfræðing. Börnin skulu vera góð, ef ekki þá hlýst illt af. Í sama tón eru „Kvöldvökur“, sem Hannes Finnsson þýddi. Þessar bókmenntir eru ákaflega ólíkar ljóðum Vigfúsar þar sem umburðarlyndi og mannkærleikur eru í öndvegi.

Ég fer vítt og breytt yfir efni á 18. og 19. öld. Dreg fyrst og fremst fram almenn einkenni. Íslenzku höfundarnir eiga það sammerkt að hafa búið langdvölum erlendis. Erlend áhrif eru augljós. Þörf fyrir barnaefni hafði ekki myndast á Íslandi. Þá vegna þess, að íslenzkt þjóðfélag hafði lítið breyst í aldanna rás. Börnin tóku að fullu þátt í störfum þjóðfélagsins. Fjölskyldan var órofa heild. Það var ekki fyrr en kom fram á 20. öld, að þörf fyrir barnaefni myndaðist. Þegar bændasamfélagið riðlaðist og fólk flutti á mölina. Þá fóru hin fornu bönd að rofna, faðirinn við vinnu að heiman, móðirin heima með börnin, sem auk þess gengu í skóla.

Og bókmenntirnar breyttust?

Já, en í fyrstu þegar fram kom á þessa öld voru gefin út ævintýri í gamla forminu og endurminningar frá liðnum tíma. Breytingar voru í aðsigi. Fyrsta frumlega barnabókahöfundinn tel ég vera Sigurbjörn Sveinsson. Hann var um margt mjög merkilegur maður. Var kennari í Vestmannaeyjum og í Reykjavík. Hann sá fyrir þróunina, þörfina fyrir nýjar bókmenntir. Hann rifjaði í verkum sínum upp ævisku sína í sveit. Var skapandi höfundur, stílisti og með skemmtilega kímnigáfu. Hann lýsti veröld, sem var yndisleg, örugg, hlý og barngóð. Það er mikil dýpt í verkum hans. Í lok verka hans gætir trega. Þegar bernskan er á enda, skömmu eftir fermingu, fór hann suður — á mölina. Þar er hinn sári undirtónn. Sá tónn, sem verður að vera til að sveitasælan fái notið sín því þegar allt kemur til alls, þá er ekkert ljós án skugga. Það var mikil gæfa að Sigurbjörn mótaði íslenzkar barnabókmenntir meir en aðrir.

Ef til vill má segja, að freistandi hefði verið að hefja sögu íslenzkra barnabóka með Sigurbirni, en það var ekki fullnægjandi. Hann hefur vafalítið orðið fyrir áhrifum frá Jónasi Hallgrímssyni en ég spyr: Hvaða íslenzkur rithöfundur hefur ekki orðið fyrir áhrifum frá Jónasi? Íslenzkar barnabókmenntir spruttu ekki upp af engu. Það var aðdragandi og hann langur.

Um svipað leyti og Sigurbjörn gaf út sína fyrstu sögu kom fram annar höfundur og ekki ómerkur. Ég verð raunar að segja, að ég er dálítið upp með mér að hafa „uppgötvað“ Hallgrím Jónsson en það gerði ég í lestrarsölum Landsbókasafnsins. Hallgrímur hafði fallið í gleymsku. Hann var ekki listfengur eins og Sigurbjörn en hann hafði mikið gildi sem áróðursmeistari. Hann setti í einu verka sinna upp keppni sveitastráks og bæjarstráks og á endanum hafði sá af mölinni betur. Vegna þess að hann hafði gengið í skóla og þar er undirtón verka hans að finna. Þá er Hallgrímur merkilegur fyrir þá sök, að hann skrifaði um samtíð sína, í sveit og bæ. Hann hafði mikil áhrif á höfunda eins og Stefán Júlíusson, Jennu og Hreiðar og Kára Tryggvason.

Þessir höfundar skrifuðu hvunndagssögur, sem ég kalla svo. Auðvitað er erfitt að segja til hver bein áhrif hafa verið en ég tel víst, að höfundar 4. og 5. áratugsins hafi þekkt til Hallgríms. Það er því freistandi að telja hann fyrirmynd og undanfara, þó rithöfundar séu oft ergilegir út í bókmenntafræðinga, sem þeir telja að séu alls staðar að leita uppi strauma og áhrif.

Fram að 4. áratugnum voru einkum skrifaðar smásögur en um hann miðjan koma fram heilsteyptar íslenzkar barnaskáldsögur. Fyrsta unglingaskáldsagan er „Börnin frá Víðigerði“ eftir Gunnar M. Magnúss. Í sögu sinni fer hann aftur til Vesturfaranna um og fyrir aldamótin. Kannski til að lýsa íslenzku samfélagi fyrir lesendum sínum, þróun þess. Í kjölfarið komu fram margir höfundar, sem skrifuðu barnaskáldsögur en afkastamest voru þau Ragnheiður Jónsdóttir og Stefán Jónsson.

Greinileg þróun er merkjanleg og fyrir mér opnaðist nýr heimur þegar ég var að vinna að þessu. Ég sá munstur verða til, fannst ég uppgötva nýjan heim, nýjan höfund næstum daglega. Í Háskóla Íslands, þar sem ég hafði verið í bókmenntafræðum, hafði aldrei verið minnst á þessa barnabókahöfunda. Því dró maður þá ályktun, að þessi saga gæti ekki verið ýkja merkileg. En sannleikurinn er, að saga íslenzkra barnabókmennta er ekki ómerkari en aðrir kaflar bókmenntasögunnar. Hún hefur átt sín blómaskeið og hnignunarskeið og hefur haft tilhneigingu til að fylgja þróun skáldsögunnar.

Blómaskeið raunsæju unglingaskáldsögunnar tel ég vera frá 1935 til 1955 með aðdraganda og eftirleik að sjálfsögðu. Upp úr 1955 fer þessi raunsæja bylgja að ganga niður og við tóku afþreyingarbókmenntir frá 1960 til 1970. Þær bókmenntir eru sáralítið annað en skemmtitextar. Margir hverjir gerðir af öngri list, aðrir vel gerðir eins og gengur. Ég tel þessa þróun stafa af áhrifum frá erlendum afþreyingarhöfundum. Bækur þeirra seldust óskaplega vel og það var því eðlilegt, að íslenzkir höfundar fylgdu í kjölfarið. Fram komu margir nýir höfundar en það er eftirtektarvert, að eftir 1970 hefur vart komið fram nýr reifarahöfundur. Íslenzkar barnabókmenntir hafa batnað og sjálfsagt er margt sem hefur stuðlað að þessu. Umræða hefur aukist með virkri þátttöku rithöfunda. Þeir hafa tekið á hvunndagsvanda barna. Þá er sérkennilegt fyrir síðasta áratug, að sögur eru einkum ætlaðar yngri börnum, undir 10 ára aldri. Mér liggur við að segja forskólabörn. Það er í sjálfu sér ágætt, en unglingar þurfa líka sitt.

Hvaða persónulegar niðurstöður dregur þú fram í verki þínu?

Annars vegar, að saga íslenzkra barnabóka er skemmtileg og samstiga sögunni. Íslandssögunni vil ég segja. Hún er ekkert einangrað fyrirbæri, heldur samtvinnuð annarri sögu okkar lands og menningu. Þetta fannst mér skemmtileg niðurstaða. Og hins vegar, að margir merkilegir rithöfundar hafa skrifað fyrir börn. Iðulega hefur verið talað um barnabókarhöfunda, sem 2. flokks höfunda. Slíkt er alrangt. Margir afburðasnjallir rithöfundar, listamenn, hafa skrifað fyrir börn. En einnig miðlungsgóðir handverksmenn. Hér er alls ekki um að ræða einlitan hóp, heldur fjölbreyttan. Rithöfundar barnabóka hafa verið misgóðir, eins og gengur og gerist í bókmenntum.

Að lokum Silja, hve miklum tíma hefur þú varið í þessar rannsóknir?

Ég hef varið 10 árum af ævi minni í þessar rannsóknir. Ég hef að vísu gert annað með, en meðvitað og ljóst hef ég unnið í fimm ár beinlínis að þessari bók. Fimm árin á undan vann ég að kandidatsritgerð minni, „Þjóðfélagsmynd íslenzkra barnabóka“. Það er hreint ævintýralega vond bók. Fyrir það verk las ég 200 íslenzkar barnabækur. En mikið fannst mér margar bækurnar leiðinlegar og oft varð ég leið, sérstaklega framan af en þegar heildarmyndin var að fást, þá varð þetta verkefni heillandi. Hver bók var eins og púsl, lítill partur af stóru púsluspili.

En eins og ég sagði, þá var kandidatsritgerð mín hreint ævintýralega leiðinleg. Hún tekur yfir áratuginn 1960 til 1970 og er þröngur stakkur skorinn. Það vantar alla dýpt í verkið. Auðvitað vann ég hana af beztu samvisku en í þessum efnum, sem öðrum er ekki hægt að alhæfa en það gerði ég. Nú er ég reynslunni ríkari. Ég hef lesið allar barnabækur íslenzkra höfunda — 600 að tölu og ég hef raðað þeim snyrtilega í spjaldskrá hjá mér. — **H.Halls.**